



NÝR DOKTOR Í HJÚKRUNARFRÆÐI

Christer Magnusson



Hinn 31. ágúst sl. varði Marianne Elisabeth Klinke doktorsritgerð sína í hjúkrunarfræði. Ritgerðin hefur fengið heitið Gaumstol eftir heilablóðfall í hægra heilahveli: Klínískur gangur og reynsla sjúklinga. Hún byggist á fimm greinum sem hafa verið birtar eða bíða birtingar.

GAUMSTOL KEMUR fyrir hjá um helmingi sjúklinga eftir heilablóðfall í hægra heilahveli en talsvert sjaldnar eftir heilablóðfall í vinstra heilahveli. Það veldur skertri getu sjúklinga til að átta sig á og bregðast við áreitum frá þeirri hlið líkamans sem er gagnstæð hlið heilaskaðans, í flestum tilvikum vinstri hlið.

Andmælendur voru dr. Marit Kirkevold, prófessor við Háskólann í Ósló, og dr. Árni Kristjánsson, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands. Marit Kirkevold byrjaði andmæli sín með að tilkynna að þetta væri glæsilegt og metnaðarfullt doktorsverkefni og þar með var tónninn sleginn. Eftir áhugaverðar umræður um verkið var ritgerðin tekin til greina og Marianne komin í hóp hjúkrunarfræðinga með doktorsgráðu.

Leiðbeinendur í verkefninu starfa allir hjá Háskóla Íslands og voru þeir dr. Helga Jónsdóttir, prófessor og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar, dr. Björn Þorsteinsson, lektor við sagnfræði- og heimspeki-deild og dr. Haukur Hjaltason, dósent við læknadeild. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Dan Zahavi, prófessor í heimspeki við Háskólann í Kaupmannahöfn, og dr. Þóra Berglind Hafsteinsdóttir, prófessor hjá Rudolf Magnus Institute við Háskólann í Utrecht í Hollandi.

Í grein I eru settar fram aðferðir við að afla rannsóknargagna um reynslu sjúklinga með gaumstol. Hér gerir Marianne athyglisverða tilraun til að móta fyrirbærafræðilega aðferð sem hentar þessum sjúkingahópi. Í grein II er lýst reynslu sjúklinga með gaumstol á fyrsta mánuðinum eftir heilablóðfallið. Í grein III eru rannsókuð hefðbundin próf sem notuð hafa verið til þess að meta gaumstol og þau borin saman við athuganir á daglegum athöfnum sjúklinga á eigin heimili eftir útskrift úr endurhæfingu. Í grein IV er (i) metin framvinda miðlungs og alvarlegs gaumstols hjá sjúklingum fram yfir útskrift úr endurhæfingu, (ii) metið næmi klínískra mælitækja á gaumstoli og (iii) mæld samsvörun milli niðurstaðna úr mati rannsakanda og sjúklinga á gaumstoli á ólíkum tímum. Grein V er kerfisbundin fræðileg samantekt og í henni eru greindar aðferðir til þjálfunar einstaklinga með gaumstol sem innleiða má í daglega umönnun á sjúkradeildum.



Í 3. tbl. Tímarits hjúkrunarfræðinga 2012 bls. 50-51 má lesa nánar um gaumstol en þar var viðtal við Marianne um rannsóknarverkefni hennar.

